

## Breytingartillögur

við frv til l. um breyt. á l. nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður efnismálgreinar orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.
2. Við 2. gr. Síðari málsliður efnismálgreinar orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.
3. Við 3. gr. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.
4. Við 4. gr. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.